

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00 var haldinn 287. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds. Einnig Davíð Arnar Einarsson og Sturla Jónsson endurskoðendur frá GrantThornton og Lárus Finnbogason og Sunna Jóhannsdóttir frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2019. Reikningurinn var kynntur á fundi stjórnar 9. mars s.l. Gerð grein fyrir kröfu frá ESMA um yfirlýsingu sem mun koma inn í skýrslu stjórnar og greinargerð í árshlutauppgjöri. Yfirlýsingin er svohljóðandi.

Vegna Covid-19 veirunnar er ljóst að faraldurinn muni hafa áhrif á efnahagslíf Íslands og heimsins. OR gerir reglulega álagspróf þar sem gert er ráð fyrir gengisfalli, lækkun álverðs og verðbólgu. Sjóðsstaða er sterk um þessar mundir og er í dag um 21,4 milljarðar jafnframt hefur félagið aðgang að lánalínunum að fjárhæð 7 milljarðar út árið 2020. Félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi gerði grein fyrir endurskoðunarskýrslu og vinnu við endurskoðun reikningsins.

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, gerði grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikninginn og aðkomu nefndarinnar að endurskoðunarvinnunni.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða. Reikningurinn verður staðfestur með rafrænni undirskrift stjórnarfólks.

Klukkan 13:35 viku fulltrúar frá endurskoðunarnefnd og endurskoðendur af fundi.

2. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Tillaga um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 1.750 milljónir króna eð tæplega 1% af eigin fé í árslok 2019. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá fyrir tímabilið 2020-2025.


Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal og Halldóra Þorvaldsdóttir óska bókað:

Á undanförnum árum hefur Orkuveita Reykjavíkur stuðlað að auknum kaupmætti viðskiptavina sinna. Frá árinu 2017 hafa gjaldskrár rafmagnsdreifingar og vatnsveitu lækkað um 20% að raungildi. Gjaldskrár hitaveitu og fráveitu hafa hins vegar fylgt verðlagi.

Á nýliðnu ári ákvað Orkuveita Reykjavíkur að styðja að fullu við lífskjarasamninga á vinnumarkaði og takmarka breytingar á gjaldskrá við 2,5% að hámarki. Breytingar á gjaldskrá í upphafi ársins námu 0,6% til 2,5% og það er ætlunarverk okkar að styðja áfram við lífskjarasamningana og halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki.

Orkuveita Reykjavíkur hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Vegna þeirra fordæmalausis aðstæðna sem nú eru í heiminum og sterkrar stöðu fyrirtækisins, vill Orkuveitan taka þátt í því að viðhalda atvinnu í landinu og horfir því til þess að flýta fjárfestingum á þessu og næsta ári sem ella hefðu beðið.



Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Halldóra Þorvaldsdóttir óska bókað:

Orkuveitan og dótturfélög hennar eiga að kappkosta að lágmarka gjaldskrár á erfiðum tímum. Nú kann að vera rétti tíminn til að auka fyrirbyggjandi viðhald og arðbærar fjárfestingar hjá Veitum og Orku náttúrunnar

Tillaga um þóknun stjórnar: Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar, lagði fram að kynnti svohljóðandi tillögu um þóknun stjórnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2019 verði kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2020 kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Umræður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Endurskoðun. Svohljóðandi tillaga um endurskoðun vegna ársins 2020 lögð fram:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2020.

Umræður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:55.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 23. mars 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 286

Reykjavík 9. mars 2020

Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 1.750 milljónir króna eð tæplega 1% af eigin fé í árslok 2019. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá fyrir tímabilið 2020-2025.

Greinargerð

Samkvæmt eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur skal arðsstefna skila eigendum ávöxtun á það fjármagn sem bundið er í fyrirtækinu í samræmi við þá áhættu sem fólgin er í rekstri og fjármögnun þess. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur verði stöðugar og vaxandi á næstu árum. Tillagan nú miðast við fjárhagsspá ársins 2019 þar sem blikur eru á lofti varðandi áhrif COVID-19 faraldurinn á efnahagslíf samfélagsins og áhrifa hugsanlegrar lokunar álversins í Straumsvík á raforkumarkaðinn. Einnig geta auknar arðgreiðslur leitt til aukinnar lántöku og að draga þurfi úr fjárfestingum fyrirtækisins sem getur verið varasamt.

Við ákvörðun um útgreiðslu arðs er stuðst við verkferli þar sem kannað er hvort arðgreiðsla geti átt sér stað skv. arðgreiðsluskilyrðum. Samkvæmt verkferli Fjármála, ber að athuga stöðu arðgreiðslumælikvarða þegar ársreikningur fyrirtækisins liggur fyrir. Í framhaldi framkvæmir áhættustýring álagspróf og kynnir fyrir áhætturáði OR.

Eigendur hafa samþykkt eftirfarandi arðgreiðsluskilyrði fyrir OR. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning og fjárhagsspá næstu tveggja ára.

1. Veltufjárhlutfall	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir – handbært fé

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur

Við mat á svigrúmi til arðgreiðslu er byggt á fjárhagsspá sem samþykkt var af eigendum OR síðla árs 2019 en þó með breytingum í samræmi við niðurstöður ársuppgjörs 2019. Einnig voru ytri markaðsforsendur uppfærðar miðað við dagsetninguna 24.02.2020. Álagspróf hefur verið framkvæmt þar sem gert er ráð fyrir óhagfelldri þróun ytri forsendna sem hafa áhrif á rekstur

og sjóðstreymi OR samstæðunnar. Í álagsprófi er gert ráð fyrir 30% gengisveikingu íslensku krónunnar, 11% hækkun launavísitölu og 11% verðbólgu innan ársins 2020. Einnig er gert ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á áli lækki niður í 1.500 USD/tonn yfir tímabil álagsprófsins. Helstu forsendur fjárhagsspár eru í eftirfarandi töflu:

Ár	2020	2021	2022	2023	2024	2025
VNV	3,2%	2,6%	2,6%	2,6%	2,5%	2,5%
LVT	5,5%	5,9%	5,3%	4,2%	4,1%	4,1%
GVT	0,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Álverð USD ¹	1723	1.793	1.875	1.960	2.045	2.123

Fjármögnun

Við ákvörðun um greiðslu arðs er nauðsynlegt að fjármögnun sé tryggð og að aðgengi að fjármagni sé gott. OR samstæðan hefur góðan aðgang að fjármagni í dag og er með fjóra virka útgáfuflokka á íslenska skuldabréfamarkaðinum. Þar að auki hefur OR gott aðgengi að langtíma lánsfjármögnun hjá innlendum fjármálastofnunum.

Samkvæmt fjárhagsspá sem samþykkt var haustið 2019 er fjármögnunarpörf fyrir árið 2020 um 13.100 mkr. Það sem af er árs hafa verið gefin út græn skuldabréf fyrir um 4.220 mkr að nafnvirði eða tæplega þriðjung af metinni fjármögnunarpörf ársins.

Um sl. áramót var lausafjárstaða fyrirtækisins mjög góð eða um 18.490 mkr. í handbæru fé, bundnum innlánnum og markaðsverðbréfum. Einnig hefur fyrirtækið aðgang að lánalínnum alls 7.600 mkr hjá Landsbankanum og Arion Banka.

Miðað við uppfærða fjárhagsspá og 1.750 milljón króna arðgreiðslu á árinu 2020 verða arðgreiðslumælikvarðar þessir:

Arðgreiðsluskilyrði uppfærðrar fjárhagsspár

¹ Framvirkt álverð samkvæmt markaðsgögnum 5. mars 2019

	Markmið	2019	2020	Meðaltal	
				2021	2019-2021
Arðgreiðsla		1,50 ma.kr.	1,75 ma.kr.	0,0 ma.kr.	0,0 ma.kr.
1. Veltufjórhlutfall	1	1,0	1,1	1,0	1,0
2. Eiginfjórhlutfall	35%	49,3%	49,3%	51,6%	50,0%
3. Vaxtaþekja	3,5	5,2	5,4	5,9	5,5
4. (Handbært fé - arðgreiðslur) / nettó skuldir	13%	14,9%	15,6%	17,9%	16,1%
Lausafjárstaða		18,5 ma.kr.	20,4 ma.kr.	19,6 ma.kr.	22,7 ma.kr.

Til umfjöllunar er einungis arðgreiðsla ársins 2020 vegna ársins 2019 og því ekki tekin afstaða til síðari arðgreiðslna sem þurfa að standast arðgreiðsluskilyrði á hverjum tíma. Hins vegar er lögð áhersla á að arðgreiðslur til framtíðar verði bæði fyrirsjáanlegar og stöðugar. Að öllu óbreyttu mun vera rými til frekari arðgreiðslna á næstu árum í samræmi við fimm ára fjárhagsspá að því gefnu að ekki dynji yfir áföll í hagkerfinu.

Álagspróf

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvernig staða OR getur breyst ef mikilvægar forsendur breytast. Í eftirfarandi töflu eru forsendur álagsprófs.

Forsendur álagsprófs						
Ár	2020	2021	2022	2023	2024	2025
VNV	9,3%	3,3%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
LVT	11%	5,9%	5,3%	4,2%	4,1%	4,1%
GVT	26%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Álverð USD	1.618	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500

Miðað við álagspróf á fjárhagsspá og 1.750 milljóna króna arðgreiðslu á árinu 2020 þá verða arðgreiðslumælikvarðar þessir:

Arðgreiðsluskilyrði undir álagsprófi

	Markmið	2019	2020	Meðaltal	
				2021	2019-2021
Arðgreiðsla		1,50 ma.kr.	1,75 ma.kr.	0,0 ma.kr.	0,0 ma.kr.
1. Veltufjórhlutfall	1	1,0	0,9	0,7	0,9
2. Eiginfjórhlutfall	35%	49,3%	46,9%	48,2%	48,1%
3. Vaxtaþekja	3,5	5,2	5,1	5,5	5,3
4. (Handbært fé - arðgreiðslur) / nettó skuldir	13%	14,9%	14,1%	15,6%	14,9%
Lausafjárstaða		18,5 ma.kr.	18,6 ma.kr.	15,4 ma.kr.	15,7 ma.kr.

Í álagsprófi nær veltufjárhlutfallið ekki settum viðmiðum arðgreiðsluskilyrða, enda er ekki gert ráð fyrir mótverkandi aðgerðum í fjárfestingum, rekstri eða fjármögnun sem væntanlega yrði gripið til ef forsendur álagsprófsins gengju eftir.

Ingvar Stefánsson

Framkvæmdastjóri fjármála

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 287
SRJ/es
Reykjavík 10. mars 2020

Tillaga

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2019 verði kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2020 kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Greinargerð

Launaþróun starfsmanna á almennum vinnumarkaði í landinu er 5,32% á ársgrundvelli miðað við tölur Hagstofunnar fyrir árið 2019. Almennir starfsmenn OR hækkuðu í launum um 4,7% milli árána 2018 og 2019 og er þar miðað við heildarlaun. Samkvæmt nýjustu aðgengilegu tölum Hagstofunnar hækkaði vísitala launa opinberra starfsmanna um 3,85% á árinu 2019.

Að jafnaði hefur við ákvörðun þóknunar stjórnar verið horft til launahækkana á opinberum markaði en vikið hefur verið frá því viðmiði þegar aðstæður hafa verið með tilteknum hætti eða sérstakar ástæður hafa þótt liggja fyrir því að nota annan mælikvarða en vísitölu launa opinberra starfsmanna. Þau frávik hafa þó aðeins verið gerð til að nota lægra viðmið.

Líkt og í fyrra telur starfskjaranefnd rétt að hækkanir þóknunar stjórnar taki heildstætt mið af ástandi á vinnumarkaði, yfirstandandi vinnudeilum, fyrirliggjandi lífsskjaramningum og ástandi í íslensku efnahagslífi. Ljóst er að í ár er síst minni óvissa í efnahagslífi en fyrir ári síðan jafnvel þó svo að aðilar á vinnumarkaði hafi komist að niðurstöðu í samningaviðræðum fyrr í vikunni. Í því sambandi er t.d. bent á að Hagstofan gerði í lok síðasta árs ráð fyrir 1,7% hagvexti árið 2020. Undanfarnar vikur hafa síðan ýmis viðvörunarljós kveiknað í hagkerfinu hérlendis og erlendis vegna þess efnahagslega óvissuástands sem skapast hefur vegna kórónaveirunnar svokölluðu, sem veldur Covid-19 sjúkdóminum. Þetta kallar á varkárni. Í því sambandi má benda á afar hraðar breytingar á vestrænum mörkuðum og hérlendis hefur t.a.m. stærsta ferðaþjónustufyrirtækið á markaði, Icelandair, nýlega afturkallað afkomuspá sína þar sem forsvarsmenn þess töldu einsýnt að ógjörningur væri að spá fyrir um hvernig næstu vikur myndu þróast. Við slíkar aðstæður telur starfskjaranefnd nauðsynlegt að stíga varlega niður í ákvörðunum sínum og telur ekki ástæðu til annars en að þóknun stjórnar taki mið af launavísitölu opinberra starfsmanna og hækki því um 3,85% og verði kr. 182.319,- fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Drífa Sigurðardóttir

Sigríður Rut Júlíusdóttir formaður

Hildur Björnsdóttir

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 287
ES
Reykjavík 11.3.2020

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2020.